



TEXTÍLFÉLAGIÐ
ICELANDIC TEXTILE
ASSOCIATION

UMSÓKN UM AÐILD AÐ TEXTÍLFÉLAGINU

INNTÖKUSKILYRDI

Til að hafa rétt til inngöngu í Textílfélagið þarf umsækjandi að hafa lokið háskólaprófi í myndlist eða hönnun frá viðurkenndum listaháskóla eða hafa aðra sambærilega menntun samkvæmt yfirlýsingu viðkomandi skóla. Að öðrum kosti þarf umsækjandi að uppfylla fjögur af neðangreindum skilyrðum:

- a) Hafa aðra menntun í myndlist (t.d. nám á framhaldsskólastigi, námskeið, einkatíma eða annað) staðfest með yfirlýsingu viðkomandi skóla eða kennara.
- b) Hafa haldið eina eða fleiri einkasýningar á viðurkenndum sýningarstöðum. Staðfesting fylgi með aðildarumsókn.
- c) Hafa tekið þátt í alþjóðlegri samsýningu styrktri af opinberum aðilum eða a.m.k. fimm öðrum samsýningum. Staðfesting fylgi með aðildarumsókn.
- d) Hafa verið falið af dómnefnd að vinna að listskreytingu á opinberum vettvangi. Staðfesting fylgi með aðildarumsókn.
- e) Eiga minnst eitt verk í opinberri eigu, keypt af viðkomandi safnráði eða matsnefnd. Staðfesting fylgi með aðildarumsókn.
- f) Hafa hlotið opinberan styrk eða starfslaun tengt list sinni eða hönnun. Staðfesting fylgi með aðildarumsókn.

Inntaka nýrra félaga í Textílfélagið er háð inntökureglum félagsins.

Sækja skal um skriflega og metur stjórn félagsins umsóknir og svarar eins fljótt og unnt er.

UMSÓKN:

Nafn umsækjanda:	Kennitala:
Heimilisfang:	Heimasíða:
Netfang:	Sími og farsími:

Menntun:

Annað sem umsækjandi vill að komi fram

Dagsetning og undirskrift umsækjanda.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila, senda rafrænt til Textílfélagsins,
textilfelagid@gmail.com